
F U N D A R G E R ð

Fundur:	Raforkuhópur 2010-07
Fundartími:	Föstudagur 4. júní 2010 kl. 12:00
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Nýir orkugjafar í samgöngum, raforka, Ágústa S. Loftsdóttir mætir á fundinn. 3) Breytingar á raforkuspá. 4) Almennar forsendur, iðnaður. 5) Almennar forsendur, þjónusta. 6) Almennar forsendur, veitur. 7) Hagvöxtur. 8) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Ívar Þorsteinsson Íris Baldursdóttir Gunnar Aðalsteinsson Sigurður Ágústsson Ásgeir Sigtryggsson Pétur E. Þórðarson
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Agnar Árnason/Baldur Dýrfjörð
Orkustofnun:	Ágústa S. Loftsdóttir

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) Íris bauð Ágústu S. Loftsdóttur velkomna á fundinn og bað hana um að segja okkur hvernig hún sæi fyrir sér að orkunotkun í samgöngnum muni breytast á næstu árum og áratugum. ÁSL sagði að áhugi á raforku í samgöngum hafi aukist mikið að undanförmu en á mót hafði áhugi á vetni minnkað. Hún sagði að það tæki um 10 ár fyrir nýja tækni að ná fótfestu á markaðinum og nefndi sem dæmi Prius frá Toyota. Hann kom á götuna árið 1995 í Japan, árið 2000 fór hann að seljast annars staðar og varð tískubíll um 2005-06. Það voru því um 10 ár frá því hann kom fram uns hann fór að breiðast verulega út þrátt fyrir allt hafi gengið upp við þróun og markaðssetningu. Gasbílar hafa lengi verið á

markaðinum og nóg hefur verið til af metani hér á landi. Til sölu hafa verið bílar sem eru bæði með metan og bensíntank og eru ódýrari en hefðbundnir bensínbílar en þeir seljast samt ekki. Allir bílaframleiðendur eru með áform um að setja rafbíla á markað á næstu árum.

ÁSL sagði dýrt væri að nota vetni í samgöngum. Rafgreinar til framleiðslu á vetni væru mjög dýrir enda væri í raun verið að kaupa „prototypur“. Lífdísil væri t.d. ódýrari leið. Reiknuð hefur verið DME (Dimethyl ether) verksmiðja út frá að nota vetni og kolefnisgjafa og til að hún verði hagkvæm þarf eldsneytisverð að vera 200 USD/tunnu. Einungis þarf að gera smávægilegar breytingar á díselvélum til að brenna DME. Ethanol kemur vart til greina hér á landi þar við höfum ekki hráefni til að framleið það. Ef farið yrði í framleiðslu á eldsneyti hér gæti það kallað á verulega raforkunotkun svo sem fyrirhuguð framleiðsla metanols á Reykjanesi sem nota má sem íblöndunarefi í bensín. Áætlað hefur verið að það þurfi 300 MW af raforku til að framleiða slíkt eldsneyti fyrir allan fiskiskipaflotann. Einnig þarf þar að huga að því að skipta þarf um vélar í fiskiskipaflotanum ef farið er eldsneyti sem ekki gengur á núverandi búnaði. Lífdíselolía gæti því verið áhugaverð í fiskiskipaflotanum.

Varðandi flug sagði ÁSL að þar væru menn íhaldssamir varðandi nýja orkugjafa vegna þess hve miklar öryggiskröfur væru gerðar til flugsins. Miklar framfarir hafi átt sér stað hvað varðar hönnun þotuhreyfla sem skilað hafa betri orkunýtingu. Erfitt hefur reynst að setja reglur varðandi útblástur í millilandaflugi en ESB var að vinna í reglum sem áttu að ná til Íslands en því var mótmælt þar sem við eigum enga aðra kosti en flugið til að fara á milli landa en á meginlandi Evrópu getur fólk tekið lestar.

ÁSL taldi að þróunin yrði sú að fyrst kæmu tvinnbílar og seinna meir fullbúnir rafbílar. Hleðslutími væri vandamál varðandi rafbíla þar sem fólk væri ekki vant að þurfa að setja bíla í samband og hleðsla tæki fleiri klukkutíma en ef við hefðum vanið okkur á hreyfilhitara, eins og umræða var um fyrir mörgum árum síðan, væri fólk orðið vant slíku. Hraðhleðslustöðvar eru ekki orðnar staðlaðar auk þess sem rafhlöður bílanna þurfa þá að geta tekið hraðhleðslu og staðla þarf þennan búnað. Orkuskiptanefnd iðnaðarráðherra hóf störf í gær og margir vilja sjá breytingar á samgöngum en einnig eru margir að hagnast á því kerfi sem er til staðar nú. Rafbílar eru verulega dýrari en hefðbundnir bílar og verða það áfram á næstunni. Þeir þurfa að vera á samkeppnishæfu verði til að breiðast út auk þess sem ríkið mun þurfa áfram sömu tekjurnar af umferðinni svo afslættir til rafbíla eru einungis tímabundnir. Verið er að huga að breytingu á innheimtu þannig að greitt sé beint fyrir akstur með því að sendar séu upplýsingar frá GPS tæki í bílum. Vandamál við slíkt væri ekki tæknileg heldur spurningin um persónuvernd.

Íris þakkaði þá Ágústu fyrir komuna og vék hún af fundi.

- 3) Rætt var um þá tillögu sem kom fram á fyrri fundi að hætta að tala um stórnotkun og skipta fremur notkuninni eftir því frá hvaða kerfishluta hún er afhent. IB sýndi einnig skýringamynd fyrir þessa skiptingu og var þá bent á að greina þyrfti í sundur smávirkjanir og stærri virkjanir. Samþykkt var að miða við þessa skiptingu.

IB fór yfir dægursveiflu raforkunotkunar og sagði að hingað til hefði verið notuð tvö sett af slíku eftir árstíma en hugsanlega væri eðlilegra að vera með þrjú sett. Fundarmenn vildu skoða betur að vera með þrjú sett.

Ákveðið var að greina almenna notkun áfram niður á forgangs- og ótryggða orku.

Ákveðið var að fresta liðum 4) til 7) til næsta fundar. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00. Ákveðið var að vera með aukafund á föstudag 11. júní kl. 10:30 til að fara yfir almennar forsendur.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Myndir um dægursveiflu raforkunotkunar..

Dreift eftir fundinn:

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
JV	Athuga hvort ástæða sé til þess að hækka aflaforsendur út frá umframkeyrslu
IB	Skoða betur þrískiptingu dægursveiflu innan ársins
	.